

1860. ina álit yðar og uppástungur um, hvernig því verði skipað svo
22. janúar. bezt megi fara.

13. febrúar. **6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um prestsmötu af Langholts kirkju.**

Í bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 15. októbermán. f. á., hefir dómsmálastjórnin fengið skýrslur viðvíkjandi bænarsskrá Jóns Bjarnasonar, prests til Langholts kirkju, um að hann, meðan hann er í embættinu, megi halda áfram að fá prestsmötu þá, er honum ber af kúgildum kirkju þessarar, borgaða með 160 álum, er hún um mörg ár að undanfögnu hafi verið greidd prestum þar með þessari upphæð, í stað þess að hún sé greidd með 8 ríkisdöllum á ári samkvæmt rentukammersbréfi 21. maím. 1831.

Í þessu efni sé yður það tilkynnt, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, er með þarf, að þaréð ekki var hafður neinn fyrirvari um það, hvernig reikna skyldi prestsmötuna, þá er Jóni presti Bjarnasyni var veitt brauðið, má hann um sína embættistíð fá hana borgaða með 160 álum smjör í skileyri, eður eptir því verði, sem sett er á vörutegund þessa í verðlagsskránni; þar á móti fellst stjórnin á að prestsmatan, frá því að næsta sinn verða prestaskipti í brauðinu, sé samkvæmt uppástungum yðar goldin af 11 kúgildum með 110 álum.

13. febrúar. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanusins yfir Íslandi, um kostnað til nætúrvarða í Reykjavíkur bæ.**

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, senduð stjórninni álitsskjal bæjarfulltrúanna og bæjarfógetans í Reykjavík um nætúrvörð þar í bænum, hafið þér í bréfi 2. nóvemberm. f. á. stungið upp á, að það verði leyft bæjarstjórninni að verja allt að 200

ríkisdöllum á ári úr bæjarsjóði til að koma skipulagi á málefni þetta, auk þess sem nú sem stendur er til þess varið.

1861.

13. febrúar.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn í 2 ár verði varið allt að 200 ríkisdöllum á ári úr bæjarsjóði Reykjavíkur í þeim tilgangi, sem áður er getið. En þegar búið er að koma skipulagi á málið vonast stjórnin eptir að fá um það nákvæmari skýrslu.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 13. febrúar. vesturumdæminu, um lækni í Ísafjarðar sýslu.

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmáður, 25. okóberm. f. á., hafa 37 menn í Ísafjarða rsýslu farið þess á leit, að hið allra bráðasta verði skipaður duglegur læknir í nyrðra læknisumdæmið í Vestfirðingafjórðungi, er laust hefir verið síðan Clausen héraðslæknir dó árið 1858; hafa beiðendur meðal annars kveðið svo að orði, að hálft þriðja ár, sem embættið hafi verið laust, megi álíta nægan tíma fyrir stjórnina til að útvega í það lækni.

Í þessu efni eruð þér beðnir að tilkynna beiðendunum, að þar sem svo sýnist, að með orðum þeim, sem nú var getið, sè bent til þess, að stjórnin hafi verið hirðulaus um að fá í embættið mann, er til þess væri hæfur, þá er slíkt með öllu ástæðulaust; því undir eins og búið var að veita Clausen héraðslækni lausn frá embættinu, og áður en fregnin barst hingað um lát hans, var það auglýst, að embættið væri laust, en með því enginn sótti um það leitaði dómsmálastjórnin hvað eptir annað til hins konunglega lækna ráðs, og bað um aðstoð þess til að útvega héraðinu læknishjálp. Lækna ráðið hefir og gjört það sem í þess valdi stóð til að fá menn, er tekið hafa próf í læknisfræði, til að taka að sér embætti þetta, og einkum hefir það nýlega farið þess á leit við mann einn, er það hélte kynni að vera til-